

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga til bæjarráðs - yfirlýsing um uppbyggingu hlutdeildarlánaíbúða við Huldugötu 2-4 og 6-8.

Dags: 4. september 2023

Málsnúmer: 202304518/19.3

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að Mosfellsbær undirriti fyrirbyggjandi viljayfirlýsingu milli Mosfellsbæjar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) og Byggingarfélagsins Bakka um uppbyggingu a.m.k. 30 hlutdeildarlánaíbúða við Huldugötu 2-4 og 6-8 í Mosfellsbæ.

Greinargerð:

Á 1586. fundi bæjarráðs þann 29. júní sl. samþykkti bæjarráð viðauka við uppbyggingarsamkomulag um IV. áfanga Helgafellshverfis sem varðar uppbyggingu á hagstæðum íbúðum við Huldugötu 2-4 og 6-8 fyrir ungt fólk og efnaminni einstaklinga sem fallið geta undir reglugerð HMS um hlutdeildarlán. Bæjarráð fól jafnframt bæjarstjóra að undirbúa viljayfirlýsingu milli Mosfellsbæjar, HMS og Bakka um uppbygginguna.

Nú liggur fyrir viljayfirlýsing um framangreinda uppbyggingu. Í viljayfirlýsingunni kemur fram að Byggingarfélagið Bakki skuldbindi sig til þess að allar íbúðir sem byggðar verði við Huldugötu 2-4 og 6-8 verði byggðar með þeim hætti að þær uppfylli skilyrði laga og reglna til að hljóta hlutdeildarlán. Jafnframt skuldbindur félagið sig til þess að selja að lágmarki 30 af framangreindum íbúðum til einstaklinga sem hafa fengið samþykki fyrir veitingu hlutdeildarlána. Gert er ráð fyrir að kvöð verði þinglýst á eignirnar varðandi framangreint.

Skuldbinding Mosfellsbæjar samkvæmt viljayfirlýsingunni lýtur að því að skapa skilyrði til þess að heimila uppbyggingu á allt að 60 íbúðum við Huldugötu 2-4 og 6-8 í samræmi við fyrirbyggjandi deiliskipulagsbreytingu. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér fjölgun íbúða um 20, að fallið verði frá heimild um bílakjallara við Huldugötu 6-8 og fallið frá kvöð um fjölda íbúða fyrir 55 ára og eldri. Endurspeglast framangeind skuldbinding í þeim viðauka sem samþykktur var af bæjarráði á 1586. fundi bæjarráðs. Deiliskipulagsbreytingin hefur verið til umfjöllunar í skipulagsnefnd og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin var samþykkt á 833. fundi bæjarstjórnar þann 30. ágúst sl. og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Með breytingunum er Mosfellsbæjar að auk möguleika fyrstu kaupenda og efnaminni til að komast á inn fasteignamarkaðinn.

*Virðingarfyllt,
Regína Ásvaldsdóttir*

Fylgiskjal:

1. Drög að viljayfirlýsingu um uppbyggingu a.m.k. 30 hlutdeildarlánaíbúða við Huldugötu 2-4 og 6-8 í Mosfellsbæ.